



Alþingi
Erindi nr. P 127/1403
komudagur 21.3.2002

20. mars 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvörp til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög og hlutafélög.


Með bréfi dags. 13. mars 2002 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvörp til laga um einkahlutafélög, 546. mál og hlutafélög, 547. mál.


Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við áformin í lagafrumvörpum þessum að veita íslenskum hlutafélögum og einkahlutafélögum valfrelsi til að skrá hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Fram kemur að skilyrði fyrir skráningu hlutfjár í erlendri mynt sé að félög hafi fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og gerðar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli og vísar Seðlabankinn í því samhengi til umsagnar sinnar frá 13. febrúar sl. um frumvarp til laga um breytingar á lögum um bókhald og fl., 347. mál.

Ekki verður séð að skráning hlutfjár íslenskra fyrirtækja í erlendri mynt muni hafa bein efnahagsleg áhrif, t.d. á gjaldeyrisflæði. Óbein áhrif kunna hins vegar að verða umtalsverð þar sem ljóst virðist að breytingin á skráningu hlutfjár í erlendri mynt í stað íslenskrar krónu mun kalla á gjaldeyrismótvægi í formi innstreymis. Þetta gerist vegna reglna um gjaldeyrisjöfnuð fjármálastofnana. Í öðru lagi kann fyrirhuguð breyting á skráningu hlutfjár að hafa jákvæð áhrif á innstreymi gjaldeyris þar sem seljanleiki hlutfjár eykst erlendis í fyrirtækjum sem breyta skráningu hlutfjár.

Seðlabanki Íslands leggur til að í 2. gr. verði tilskilið að við umreikning fjárhæða verði miðað við annað hvort sölugengi eða miðgengi þar sem um er að ræða umbreytingu íslenskrar fjárhæðar í erlenda. Í viðskiptum á gjaldeyrismarkaði samsvarar það því að banki selji viðskiptavini gjaldeyri.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Finnur Ingólfsson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605